

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2017

Efni: Umsögn BHM um Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Þingskjal 141 — 84. mál.

Almennt um fæðingar- og foreldraorlof

Lög um fæðingar- og foreldraorlof eru forsenda þess að hægt sé að kenna íslenskt samfélag og vinnumarkað við jafnrétti. Tvíþætt markmið laganna þjóna hagsmunum barna og foreldra. Þau tryggja samvistir barna við foreldra sína í frumbersku og þeim er ætlað að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldulíf þátttöku á vinnumarkaði.

Í mars 2016 skilaði nefnd um framtíðarskipan fæðingarorlofs, sem BHM átti fulltrúa í, niðurstöðu sinni til þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra. BHM studdi megin tillögur nefndarinnar en ítrekaði að frekari hækkun á hámarksgreiðslum úr fæðingarorlofssjóði væri nauðsynleg. Samkvæmt kjarakönnun BHM árið 2016 voru meðallaun félagsmanna aðildarfélaga BHM um 660.000 krónur á mánuði. Því er ljóst að þorri félagsmanna verður fyrir skerðingu á tekjum við töku fæðingarorlofs. Fram hjá því verður ekki litið að þak á hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði skekkir stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vinnur því gegn markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Lengd og skipting fæðingarorlofs

Með hliðsjón af markmiðum laga um fæðingarorlof er mikilvægt að auknum framlögum til málaflokksins sé forgangsraðað með þeim hætti að hækkun hámarksgreiðslna gangi fyrir lengingu orlofstímans. Lenging fæðingarorlofstímabils á sama tíma og þak er á greiðslum er aðeins til þess fallið að skekkja enn frekar stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Að því sögðu, styður BHM lengingu fæðingarorlofs úr 9 mánuðum í eitt ár en áréttar þá afstöðu að markmiðum laganna verði best náð með sem minnstri tekjuskerðingu og með því að skipta orlofinu jafnt á milli tveggja foreldra. Það hlýtur að vera langtímamarkmið löggjafans að svo verði, enda stuðlar það ekki að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði að mæður taki nær alltaf lengra orlof en feður.

Virðingarfyllt,

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

